



Reglur um sérstakan stuðningur vegna dreifnáms veturinn 2013-2014

Í ljósi sérstakra aðstæðna veturinn 2013-2014, þar sem fáir nemendur frá Skagaströnd sækja dreifnám á Blönduósi, hefur Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar samþykkt neðangreindar reglur. Markmið reglnanna er að veita stuðning til þeirra nema sem hafa búsetu á Skagaströnd en ferðast daglega á milli heimilis og námsstaðar á Blönduósi.

1. gr. Almenn skilyrði og skilgreiningar

Eingöngu nemendur sem stunda reglubundið nám við dreifnám FNV á Blönduósi og eiga lögheimili á Skagaströnd geta sótt um stuðning þann sem tilgreindur er í reglunum.

Nemandi telst stunda reglubundið nám hafi hann tekið próf til fullnustu a.m.k. 12 eininga námi á önn sem telst hluti af skipulögðu námi dreifnámi FNV á Blönduósi eða skóli staðfestir námsárangur með ástundunarvottorði, ef námi lýkur ekki með prófi. Ef námi er ekki lokið vegna veikinda skal skóli staðfesta móttöku á fullgildu læknisvottorði.

Nemendur skulu jafnframt sýna fram á að þeir hafi ástundað reglubundnar ferðir milli heimilis og námsvers á Blönduósi. Slíkt má t.d. gera með akstursdagbók þar sem skráningarnúmer bifreiðar er tilgreint ásamt ökumanni sem staðfestir viðkomandi akstur með undirritun sinni.

2. gr. Kostnaðarþátttaka

Kostnaðarþátttaka sveitarfélagsins byggist á því óhagræði sem er af því að einungis einn til tveir nemendur stundi námið frá heimili sínu á Skagaströnd.

Sé um að ræða einn nemanda sem fellur undir þær skilgreiningar sem tilgreindar eru í 1. gr veitir Sveitarfélagið Skagaströnd stuðning sem nemur tvöföldum akstursstyrks Námsstyrkjanefndar (LÍN) á önn.



Sé um að ræða tvo nemendur sem falla undir þær skilgreiningar sem tilgreindar eru í 1. gr reglugerðar þessari veitir Sveitarfélagið Skagaströnd stuðning sem nemur einum akstursstyrks Námsstyrkjanefndar (LÍN) á önn á hvern nemanda.

Sé um að ræða að þrjá eða fleiri nemendur sem falla undir þær skilgreiningar sem tilgreindar eru í 1. gr fellur stuðningur Sveitarfélagsins Skagastrandar niður.

3. gr. Greiðslufyrirkomulag og umsókniferli

Umsóknafestur um kostnaðarþátttöku samkv. reglugerð þessari skal vera 01.12.13 vegna haustannar og 01.02.14 vegna vorannar.

Greiðslur vegna haustannar verða framkvæmdar 01.02.14 vegna haustannar og 01.06.14 vegna vorannar. Enda liggi fullnægjandi gögn fyrir.

4. gr. Gildistaka

Reglur þessar taka nú þegar gildi og er virkar fyrir haustönn 2013 og vorönn 2014.

Samþykkt á sveitarstjórnarfundi, 16. október 2013